



BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2017

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2017

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2017. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum og verðum með ítarlegar greiningar fyrir sýningar og tengjum við stefnur og strauma í kvikmyndagerð nútímans og aftur í kvikmyndasöguna.

Í haust bjóðum við upp á tvær sýningar þar sem aðstandendur og fulltrúar stofnana verða viðstaddir. Það er annars vegar Stúlkan, mamman og púkarnir með viðstöddum fulltrúa frá Geðhjálp og aðstandanda sem þekkir vandamálin sem myndir fjallar um af eigin raun og hins vegar Hjartastein þar sem höfundur verður viðstaddur, segir frá framleiðslu myndarinnar og svarar spurningum nemenda að lokinni sýningu.

Auð auki höldum við áfram að kynna myndir Wes Anderson og Coenbræðra, sýnum hinar stórskemmtilegu Rushmore og The Big Lebowski, skoðum áhrif þýskra expressjónista frá þriðja áratug síðustu aldar í Dark Shadows eftir Tim Burton, könnum tilvistarspurningar og heyrum um Kristalnsóttina í Coffee in Berlin og lítum á flóttamannavandann á gamansaman hátt með myndinni Welcome to Norway þar sem kynþáttahatari ætlar að græða á flóttamönnum, en spurningin er hvort flóttamennirnir græði ekki á honum.

Við verðum aftur með bíóklassík og sýnum Þriðja manninn með Orson Welles, sem ætti að höfða til flestra efriþekkinga þar sem hún er æsipennandi. Við sýnum Lamb frá Eþíópíu fyrir yngri börnin sem vilja sjá framandlegar slóðir og aðbúnað barna í þróunarlöndum og verðum með Spirited Away og Prinsessan og froskurinn fyrir yngstu börnin. Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2017

1. SPIRITED AWAY – 1.-4. bekkur
2. RUSHMORE – 7.-10. bekkur
3. PRINSESSAN OG FROSKURINN – 1.-3.bekkur, 4. velkominn
4. DARK SHADOWS – 7.-10.bekkur
5. LAMB – 5.-8.bekkur, 9. og 10. velkomnir
6. THE THIRD MAN – 8.-10.bekkur
7. THE BIG LEBOWSKY – 9. -10. bekkur 8. b. velkominn ef kennari metur svo
8. STÚLKAN, MAMMAN OG PÚKARNIR– 7.-10. bekkur
9. WELCOME TO NORWAY – 8.-10. bekkur
10. A COFFEE IN BERLIN – 8.-10. bekkur
11. HJARTASTEINN – 8.-10. bekkur



SPIRITED AWAY

HAYAO MIYAZAKI

1.-4. bekkur



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, fjölskyldumynd, ævintýri, 2001/**LENGD:** 125 MIN
LAND: Japan/**LEIKSTJÓRI:** Hayao Miyazaki /**ADALHLUTVERK:** Daveigh Chase, Suzanne Pleshette, Miyu Irino/**TUNGUMÁL:** Sýnd með ensku tali og texta.

Þessi fallega ævintýramynd segir frá hinni tíu ára gömlu Chihiro sem flytur í úthverfin með fjölskyldu sinni. Á leiðinni þangað rambar hún inn í heim sem er stjórnað af guðum, nornum og öndum þar sem manneskjum er breytt í dýr. Spirited Away er grípandi teiknimynd um baráttu góðs og ills þar sem hver rammi er úthugaður af leikstjóranum Hayao Miyazaki með sterkan boðskap.

Myndin hlaut Gullbjörninn árið 2002 og Óskarsverðlaunin árið 2003 sem besta teiknimyndin, auk fjölmargra annarra verðlauna.

Spirited Away er sýnd með ensku tali og texta.

RUSHMORE

WES ANDERSON

7.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: Gamannmynd, 1999/**LENGD:** 93 MIN/ **LAND:** Bandaríkin/
LEIKSTJÓRI: Wes Anderson/**AÐALHLUTVERK:** Bill Murray, Olivia Williams,
Seymour Cassel/ **TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta.

Rushmore segir frá bráðþroska dreng, Max Fischer, sem vill umfram allt vera í einkaskólanum Rushmore, þótt hann standi sig ekki vel í neinu fagi. Á hinn bóginn er hann mjög duglegur í tómstundastarfi í skólanum þar sem hann stundar býflugnarækt, skrifar og setur á svið leikrit, þar á meðal um Víetnamstríðið. Líf Max breytist þegar hann kemst að því að hann er á skilorði í skólanum og brátt kynnist hann sérkennilegum persónum sem hafa mikil áhrif á líf hans.

Wes Anderson er höfundarleikstjóri sem merkir að hann hefur mjög sérstakan stíl en hann hefur gert myndir á borð við The Royal Tenenbaums, Moonrise Kingdom og The Grand Budapest Hotel. Myndir hans einkennast af töfraraunsæi þar sem hversdagsleiki og ævintýraveröld fléttast saman. Kvikmyndatækni hans verður kynnt og kennd fyrir sýningu.



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, ævintýri, 2009/LENGD: 98 MIN LAND: Bandaríkin/ **LEIKSTJÓRI:** Ron Clements, John Musker /**ADALHLUTVERK:** Peter Bartlett, Jennifer Cody, Bruno Campos. **TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

Prinsinum Naveen er breytt í frosk af illum galdramanni, Dr. Facilier. Froskaprinsinn gerir þau mistök að halda að stúlka að nafni Tiana sé prinsessa, sem hann þarf síðan að kyssa til að breytast aftur í eðlilegan mann. Eftir að sannfæra hana um að kyssa sig kemst hann að því að ekkert hefur breyst, nema nú hefur honum tekist að breyta henni líka í frosk. Nú þurfa þau bæði að finna leið til að losna úr álögunum áður það verður um seinan, en í millitíðinni lenda þau bæði í ýmsum ævintýrum og kynnast meðal annars krókódíl sem kann að spila á trompet og óvenju rómantískri eldfluglu... (Af Kvikmyndir.is)

Myndin var tilnefnd til þriggja Óskarsverðlauna.

WELCOME TO NORWAY

RUNE DENSTAD LANGLO 8.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, 2016/**LENGD:** 90 MIN **LAND:** Noregur/
LEIKSTJÓRI: Rune Dengstad Langlo/**AÐALHLUTVERK:** Anders Baasmo
Christiansen, Slimane Dazi / **TUNGUMÁL:** Norska og önnur tungumál með
íslenskum texta.

Petter Primus er maður með stóra drauma, sem verða sjaldnast að veruleika. Hann fær hugmynd sem gæti bjargað fjölskyldunni fjárhagslega: hann ákveður að breyta hótelinu í athvarf fyrir flóttamenn og hælisleitendur, þrátt fyrir tortryggni hans í garð útlendinga.

Hans bíða flóknar áskoranir þegar fimmtíu manns mæta í subbulega aðstöðu á hótelinu þar sem einn ákafur afrískur maður, yfirmaður Útlendingastofnunar í Noregi, þunglynd eiginkona og unglingsdóttir þeirra, setja strik í reikninginn.

Myndin hlaut áhorfendaverðlaunin á Gautaborgarkvikmyndahátíðinni árið 2016 en um er að ræða bráðfyndna og raunsama gamanmynd um málefni sem snerta alla heimsbyggðina um þessar mundir.

DARK SHADOWS

TIM BURTON

7.-10.bekkur



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, vampírummynd, 2012/**LENGD:** 113 MIN **LAND:** Bandaríkin/**LEIKSTJÓRI:** Tim Burton /**AÐALHLUTVERK:** Johnny Depp, Michelle Pfeiffer, Eva Green/**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta.

Myndin hefst 1752 þegar Joshua og Naomi Collins leggja af stað frá Liverpool í Englandi ásamt Barnabas, ungum syni sínum til að hefja nýtt líf í Bandaríkjunum. Barnabas vex úr grasi og verður ríkur og valdamikill glaumgosi, en þegar hann hryggbrýtur nornina Angelique Bouchard, breytir hún honum í vampíru. Tveimur öldum síðar er Barnabas frelsaður úr gröf sinni og snýr aftur til æskulóða þar sem uppgjör við fjölskylduna er óhjákvæmilegt.

Fyrir sýningu myndar verða stílbrögð Tim Burton kynnt og sett í samhengi við Þýsku expressjónísku stefnuna frá 1918-1933, en í öllum myndum hans gætir mikilla áhrifa frá kvikmyndum sem gerðar voru í þeim anda, sér í lagi Nosferatu frá 1922, fyrsta vampírummyndin og Metropolis frá 1927.

HJARTASTEINN GUÐMUNDUR ARNAR GUÐMUNDSSON 8.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 2016/**LENGD:** 127 MIN **LAND:** Ísland/
LEIKSTJÓRI: Guðmundur Arnar Guðmundsson/**AÐALHLUTVERK:** Baldur Einarsson, Blær Hinriksson, Diljá Valsdóttir/**TUNGUMÁL:** Íslenska

Kristján og Þór búa í fámennu sjávarþorpi. Myndin segir frá því hvernig allt þróast og breytist í lífi þeirra þegar annar þeirra verður hrifinn af stúlku um leið og hinn uppgötvar að hann ber ástarhug til vinar síns.

Hjartasteinn hlaut 10 Edduverðlaun, þar á meðal fyrir bestu mynd og leikstjórn.

Leikstjóri verður á staðnum og svarar spurningum eftir sýningu.



TEGUND OG ÁR: Spennumynd, 2016/**LENGD:** 90 MIN **LAND:** Svíþjóð/
LEIKSTJÓRI: Suzanne Osten /**AÐALHLUTVERK:** Esther Quigley, Maria Sundborn, Maja Embrink/**TUNGUMÁL:** Sænska með íslenskum texta.

Siri er einstæð móðir sem býr ein í íbúð með dóttur sinni. Djöflarnir ráða ríkjum í lífi hennar en dóttir hennar Ti upplifir veröldina í íbúðina öðruvísi. Ti er lítil stúlka sem hvorki heyrir né sér djöflana sem móðir hennar talar stundum við en ástandið versnar þegar djöflanir taka alveg yfir. Ti styðst við sitt eigið ímyndunarafl til þess að sigra djöfla móður sinnar.

Stórkostleg ævintýramynd sem fæst við alvarlegar og raunverulegar aðstæður, en leikstjórinn Suzanne Osten byggir söguna á eigin reynslu barns sem elskar foreldri sitt skilyrðislaust.

Fulltrúi frá Geðhjálp verður viðstaddur sýninguna ásamt aðstandanda sem hefur upplifað vandann sem myndin fjallar um.

LAMB

YARED ZELEKE

5.-8. bekkur



TEGUND OG ÁR: Drama, fjölskyldumynd, 2015/**LENGD:** 94 MIN **LAND:** Eþíópía, Frakkland, Þýskalaland, Quatar/ **LEIKSTJÓRI:** Yared Zeleke
AÐALHLUTVERK: Rediat Amare, Kidist Siyum, Welela Assefa/ **TUNGUMÁL:** Amharíska með íslenskum texta.

Ephraim er ungur Eþíópískur drengur sem býr með föður sínum og litlu lambi. Ephraim og lambið hans ferðast langa vegalengd til fjarskyldra ættingja þar sem hann stendur sig vel í landbúnaðarstörfum en hann á sér einnig einn dulinn hæfileika, hann er nefnilega góður kokkur! Einn daginn kemur frændi hans að máli við hann og segir honum að hann þurfi að fórna lambinu í trúarlegri athöfn sem er á döfinni – en ungi drengurinn vill leggja allt í sölurnar til þess að bjarga lambinu og til þess að snúa aftur heim.

Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2015 þar sem hún var fyrsta Eþíópíska kvikmyndin sem valin var í keppni í flokknum Un Certain Regard og hefur hún hlotið einróma lof gagnrýnenda víða um heim, ásamt því að hafa unnið til alþjóðlegra verðlauna.



TEGUND OG ÁR: Spenna, rökkurmynd, 1949/**LENGD:** 104 MIN **LAND:** Bretland/
LEIKSTJÓRI: Carol Reed/**AÐALHLUTVERK:** Joseph Cotten, Orson Welles, Alida Valli/
TUNGUMÁL: Enska með enskum texta.

Reyfarahöfundurinn Holly Martins fer til Vínarborgar að heimsækja æskuvinn sinn, Harry Lime. Vínarborg er svæðaskipt eftir heimstyrjöldina síðari og þar blómstrar svartí markaðurinn sem aldrei fyrr. Þegar Holly er nýkominn fær hann þær fréttir að Harry hafi látist í bílslysi, en brátt vaknar grunur hans um að vinur hans kunni að vera á lífi.

Myndin er hluti af bíóklassík áttakinnu, en hún er einnig eina kvikmyndin þar sem tónlist spiluð á sítar er notuð, auk þess sem hún er með frægustu rökkurmyndum sem hafa verið gerðar.



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, 1998/**LENGD:** 119 MIN **LAND:** Bandaríkin/
LEIKSTJÓRI: Ethan og Joel Coen /**AÐALHLUTVERK:** Jeff Bridges, John
Goodman, Julianne Moore/ **TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta.

Jeff "The Dude" Lebowski þykir fátt skemmtilegra en að liggja í leti og hanga með félögum sínum í keilusalnum. En eftir að hann er fyrir misskilning tekinn fyrir að vera milljónamæringur sem ber sama nafn og hann, flækist hann í nær óskiljanlegan glæpaþráð. Tveir hrottar koma heim til hans og pissa á teppið hans, en þeir halda að hann sé Jeffrey Lebowski, milljónamæringur frá Los Angeles, en eiginkona hans skuldar einhverjum þorpurum háar fjárhæðir. The Dude flækist í flókinn vef þegar hann fer og heimsækir hinn raunverulega milljónamæring, til að reyna að fá bætur fyrir teppið sem þorpararnir skemmdu. Hann er síðan ráðinn til að verða tengiliður á milli hins raunverulega Lebowski og þorparanna sem nú hafa rænt eiginkonunni. Vinir The Dude flækjast í málið allt og afleiðingarnar verða vægast sagt kostulegar.

Coenbræður halda uppi hefð óháðra kvikmyndagerðarmanna í Bandaríkjunum og verða aðferðir þeirra við gerð kvikmynda kynntar og kenndar.

A COFFEE IN BERLIN

JAN OLE GERSTER

8.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: Drama, 2012/ **LENGD:** 86 MIN **LAND:** Þýskaland/
LEIKSTJÓRI: Jan Ole Gerster /**AÐALHLUTVERK:** Tom Schilling, Katharina Schuttler, Justus von Dohnányi /**TUNGUMÁL:** Þýska með íslenskum texta

Myndin segir frá ungum manni sem hættir í háskólanámi og reikar um Berlín þar sem hann býr til að henda reiður á sjálfum sér og lífi sínu. Hann langar til að finna tilgang með lífi sínu en finnst erfitt að falla inn í hópinn.

Hann hittir ýmsa á ferð sinni um borgina og ein af eftirminnilegustu og örlagaríkustu persónunum er eldri maður sem hann hittir á kaffihúsi og segir honum frá Kristalsnóttinni, en atburðina hafði hann upplifað sem barn.

SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 14. SEPTEMBER – SPIRITED AWAY KL. 10:00 - RUSHMORE
KL 13:00

FIMMTUDAGUR 21. SEPTEMBER - PRINSESSAN OG FROSKURINN KL. 10:00
DARK SHADOWS KL. 13:00

RIFF FRÁ 28. SEPTEMBER TIL 5. OKTÓBER

ÞRIÐJUDAGUR 10. OKTÓBER – LAMB KL. 10:00 - THE THIRD MAN KL 13:00

FIMMTUDAGUR 19. OKTÓBER – WELCOME TO NORWAY KL. 10:00/
RUSHMORE KL. 10:00 -THE BIG LEBOWSKY KL. 13:00

VETRARFRÍ

ÞRIÐJUDAGUR 24. OKTÓBER – STÚLKAN, MAMMAN OG PÚKARNIR KL.
10:00 - THE THIRD MAN KL. 13:00

ÞRIÐJUDAGUR 31. OKTÓBER – DARK SHADOWS KL. 10:00 - COFFEE IN
BERLIN KL. 13:00

ICELANDIC AIRWAVES FRÁ 1. -5. NÓVEMBER, SÝNINGAR AÐEINS FYRIR HÁDEGI Á ÞEIM TÍMA

FIMMTUDAGUR 2. NÓVEMBER – SPIRITED AWAY KL. 10:00 -THE BIG
LEBOWSKI KL. 10:00

ÞRIÐJUDAGUR 7. NÓVEMBER – PRINSESSAN OG FROSKURINN KL. 10:00 -
WELCOME TO NORWAY kl. 13:00

FIMMTUDAGUR 16. NÓVEMBER - HJARTASTEINN KL. 10:00 - RUSHMORE
KL. 13:00

FIMMTUDAGUR 23. NÓVEMBER - STÚLKAN, MAMMAN OG PÚKARNIR KL.
10:00 - COFFEE IN BERLIN KL. 13:00

ÞRIÐJUDAGUR 28. NÓVEMBER – THE THIRD MAN KL. 10:00 -
HJARTASTEINN KL. 13:00

ÞRIÐJUDAGUR 5. DESEMBER – THE BIG LEBOWSKY KL. 10:00 - RUSHMORE
KL. 13:00

ÞRIÐJUDAGUR 12. DESEMBER – PRINSESSAN OG FROSKURINN KL. 10:00 –
LAMB KL. 13:00

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com





KVIKMYNDIR

RUSHMORE – Myndir Wes Anderson, markmiðasetning, áhugamál utanskóla, vinátta, einelti, 7.-10.bekkur

SPIRITED AWAY – Ævintýri, lífsleikni, Japan, japanskar munnmælasögur, umhverfisvernd, andar, 1.-4. bekkur

HJARTASTEINN – Samskipti ungmenna, að vaxa úr grasi, ástin og margbreytileikinn, landsbyggðin, 8.-10.bekkur

DARK SHADOWS – Myndir Tim Burton, vampírur, tenging við þýska expressjónismann, 7.-10.bekkur

PRINSESSAN OG FROSKURINN – Ævintýri, staðalímyndir í Disneymyndum, hugrekki, 1.-3. bekkur

LAMB – Eþíópía, framandlegar slóðir, margmenningarsamfélag, fátækt, aðbúnaður barna í Afríku, markmiðasetning 5.-8.bekkur

ÞRIÐJI MAÐURINN – Seinni heimsstyrjöldin, svartí markaðurinn, glæpir, spenna, sítartónlist, bíóklassík, 8.-10.bekkur

WELCOME TO NORWAY– Flóttamannavandinn með gamansömu ívafi, margmenningarsamfélag, 8.- 10. bekkur

THE BIG LEBOWSKI – Myndir Coenbræðra, svartur húmor, falskt auðkenni, lífsleikni, 9. -10. bekkur

STÚLKAN, MAMMAN OG PÚKARNIR - Fjölskyldutengsl, að alast upp hjá geðveikri móður, samfélagsmál, skóli, ævintýri, markmiðasetning, 7.-10. bekkur

KAFFI Í BERLÍN – Þýskaland nútímans, tilvistarspurningar, Kristalsnóttin, minningar um Þýskaland nasimans. 8.-10.bekkur

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com